

12

Auglýsing um póstmál.

26. febr.

Það aulýsist hjer með almenningi, að við byrjun 5. ferðar landpóstanna þ. á verða stofnaðar nýjar brjefhirðingar á Svalbarði í Þistilfirði og á Sveinseyri í Tálkna-fjarðarhreppi.

Reykjavík, 26. febr. 1891.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

13

28. febr.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um bráðabirgðauppþót handa fátækum prestaköllum. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknalegu brjeði dags. 24. þ. m. vil jeg hjer með samþykkja, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstíma-bil, veitt bráðabirgðauppþót fyrir næstkomandi fardagaár, er hjer segir;

1. Stað í Grindavík	kr. 300,00
2. Stað í Aðalvík	— 600,00
3. Tjörn á Vatnsnesi	— 300,00
4. Miðgarið í Grímsey (hinn núverandi prestur) —	400,00
5. Höfða	— 100,00
6. Lundarbrekku	— 300,00

Samtals kr. 2000,00

Þar á móti geta Sauðlauksdals og Skarðspingaprestaköll eigi í þetta sinn orð-ið neinnar bráðabirgðauppþótar aðnjótandi, með því að eigi er til þess neitt fje fyrir hendi.

EMBÆTTASKIPUN.

12. febr. veitti landshöfðingi prestaskólakandidat Einari Þórðarsyni Hofteigs prestakall í Norðurmúlaprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaðar.

25. febr. var sjera Ólafur Ólafsson á Brunná settur til þess fyrst um sinn frá 1. apríl næstkomandi að gegna prófastsstörfum í Dalaprófasts-dæmi í stað sjera Jóns Guttormssonar í Hjarðarholti, er fengið hefir lausn frá þeim starfa.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Hallormsstaður í Suðurmúlaprófastsdæmi (Hallormsstaðar- og Þingmúlasóknir. Metið 1634 kr. 58 a. 1000 kr. lán hvilir á prestakallinu, tekið 1885, sem endurborgast á 10 árum auk vaxta. Sá sem fær brauð þetta verður að sætta sig við sameining þá, er lög 27. febr. 1880 § 1 gjöra fyrir, svo og þær aðrar breytingar, sem að lögum kunna að verða gjörðar á prestakalli þessu.

Auglýst 14. dag. febrúarm. 1891.